

**1174. fundur bæjarráðs Ísafjarðarbæjar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, mánudaginn 1.  
nóvember 2021 og hófst hann kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Marzellius Sveinbjörnsson varaformaður, Daníel Jakobsson formaður og Nanný Arna Guðmundsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Sigurður Hreinsson.

**Embættismenn:**

Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri og Bryndís Ósk Jónsdóttir, bæjarritari.

**Fundargerð ritaði:** Bryndís Ósk Jónsdóttir, bæjarritari.

**Dagskrá:**

**1. Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2020-2032 - 2020070011**

Lagður fram tölvupóstur Ólafar Guðnýjar Valdimarsdóttur, skipulagsráðgjafa, dags. 17. október 2021, varðandi yfirferð bæjarráðs um Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020, auk 8. kafla Aðalskipulags um atvinnu sem bæjarráð skal endurskoða.

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að vinna málið áfram og leggja fyrir bæjarráð á næsta fundi.*

**2. Fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða 2022 - 2021100092**

Lagt fram minnisblað Eddu Maríu Hagalín, fjármálastjóra, dags. 26. október 2021, varðandi rekstrarþátttöku Ísafjarðarbæjar í Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, en fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlitsins var lögð fram til kynningar í bæjarráði á 1173. fundi þann 25. október sl.

*Bæjarstjóra falið að vinna málið áfram og leggja aftur fyrir bæjarráð.*

**3. Rekstur kvikmyndahúss í Ísafjarðarbæ - 2021100102**

Lagt fram bréf Finnboga Sveinbjörnssonar f.h. Verkalýðsfélags Vestfirðinga, dagsett 26. október 2021, þar sem óskað er eftir endurnýjun samkomulags um áframhaldandi stuðning Ísafjarðarbæjar við rekstur kvikmyndahúss, en núverandi samningur rennur út 1. janúar 2023.

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að vinna málið áfram og gera drög að samningi og leggja fyrir bæjarstjórn til samþykktar.*

**4. Mál á mannauðssviði - 2020090017**

Lagður fram til kynningar dómur Héraðsdóms Vestfjarða í máli E-9/2021, í máli Þorbjörns Halldórs Jóhannessonar gegn Ísafjarðarbæ.

*Lagt fram til kynningar.*

**5. Umsókn um stofnframlag - Bæjartún hses.. - 2021020097**

Lögð fram afrit af þremur bréfum Valtýs Guðmundssonar f.h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, dags. 6. október 2021, sem send voru til Bæjartúns hses. vegna synjunar á stofnframlagi og sérstöku byggðaframlagi vegna byggingar á almennum íbúðum á Flateyri, Suðureyri og Þingeyri.

*Bæjarráð lýsir yfir vonbrigðum um að byggingaáform Bæjartúns hses. hafi ekki gengið eftir og felur bæjarstjóra að vinna að leiðum til áframhaldandi uppbyggingar íbúðarhúsa í sveitarfélaginu.*

**6. Öll vötn til Dýrafjarðar - 2018090052**

Lagður fram til kynningar tölvupóstur Kristjáns Þ. Halldórssonar f.h. Byggðastofnunar, dagsettur 26. október 2021, þar sem kynnt er að stjórn Byggðastofnunar hefur samþykkt að framlengja verkefnið Öll vötn til Dýrafjarðar um eitt ár, til loka árs 2022.

*Lagt fram til kynningar.*

**7. Tillögur að áætlunum að burðarþolsmati og áhættumati erfðablöndunar ásamt umhverfisskýrslu - 2021100097**

Lagt fram bréf Kolbeins Árnasonar f.h. atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, dagsett 22. október 2021, þar sem kynnt er að tillögur að áætlunum að burðarþolsmati og áhættumati erfðablöndunar ásamt umhverfismatskýrslu burðarþolsmats og áhættumats erfðablöndunar á Austfjörðum og Vestfjörðum, hafi verið birtar í samráðsgátt stjórnvalda. Jafnframt lögð fram fylgiskjölín sem birt eru í samráðsgáttinni.

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að vinna umsögn og leggja fyrir bæjarráð.*

**8. Styrktarsjóður EBÍ 2020-2021 - 2020030065**

Lagt fram til kynningar bréf Önnu Sigurðardóttur, framkvæmdastjóra Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélags Íslands, dagsett 22. október 2021, vegna ágóðahlutagreiðslu til Ísafjarðarbæjar á árinu 2021.

*Lagt fram til kynningar.*

**9. Gjaldskrár 2022 - 2021050043**

Lagðar fram tillögur að breytingum á gjaldskrá vegna áhaldahúss, dýrahalds, hafna, leikskóla, skíðasvæðis, sundlauga og líkamsræktar, safna, tjaldsvæðis og velferðarsviðs.

*Bæjarráð vísar nýjum gjaldskráum til samþykktar í bæjarstjórn, með þeim breytingatillögum sem fram komu á fundinum.*

**Gestir**

Edda María Hagalín, fjármálastjóri - 08:30

Hafdís Gunnarsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs - 08:30

Axel R. Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs - 08:30

**10. Fjárhagsáætlun 2022 - 2021040035**

Lögð fram fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar 2022, ásamt greinargerð stjórnenda.

*Bæjarráð vísar fjárhagsáætlun 2022 til fyrri umræðu í bæjarstjórn.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.**

---

Marzellíus Sveinbjörnsson

---

Daníel Jakobsson

---

Sigurður Hreinsson

---

Birgir Gunnarsson

---

Bryndís Ósk Jónsdóttir